

Ársáætlun 2011



UMHVERFISSTOFNUN
2010



Ársáætlun 2011



UMHVERFISSTOFNUN



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Eftirfarandi ársáætlun fyrir árið 2011 er samþykkt af neðangreindum í samræmi við árangursstjórnunarsamning milli umhverfISRÁÐUNEYTIS og Umhverfisstofnunar

Kristín Linda Amadóttir *Þagur Jóhannsson*

FYRIR HÖND UMHVERFISSTOFNUNAR

FYRIR HÖND UMHVERFISRÁÐUNEYTIS



UMHVERFISSTOFNUN





INNGANGUR

Umhverfisstofnun hefur mikilvægu hlutverki að gegna til að tryggja komandi kynslóðum sambærileg lífsskilyrði og við njótum í dag. Meðal mikilvægustu lífsskilyrða er aðgangur að góðu vatni, hreinu lofti og öflug vistkerfi. Það er nauðsynlegt, sérstaklega þegar hart er í ári, að ákvarðanir um umhverfismál séu teknar með hagsmunum komandi kynslóða í huga.

Ársáætlun Umhverfisstofnunar 2011 hefur að geyma verkefnaáætlun og rekstraráætlun auk þess sem gerð er grein fyrir áætluðum fjölda fastra verkefna og innviðir stofnunarinnar skýrðir. Ársáætlun byggir á stefnu umhverfisráðuneytisins, *Velferð til framtíðar*, og stefnu stofnunarinnar 2008-2012. Jafnframt er tekið mið af sérstökum áherslumálum umhverfisráðherra á borð við: uppbyggingu friðlýstra svæða sem hafa verið sérgreind í hættu, vinnu gegn akstri utan vega, frekari friðlýsingum svæða samkvæmt náttúruverndaráætlun og vinnu að vistvænni lífsstíl allra landsmanna.

Umhverfisstofnun mun á næsta ári sækjast eftir gæðavottun og umhverfissvottun í samræmi við ISO staðla. Það starf sem stofnunin sinnir er afar mikilvægt og brýnt að fylgst sé með gæðum þess þegar skorið er niður. Gæðakerfi ásamt verkþókhaldi, sem tekið var í notkun á síðasta ári, munu að auki nýtast við frekari forgangsröðun verkefna og tryggja innleiðingu mengunarbótareglunnar og nytjagreiðslureglunnar.

Verndun vatnsgæða verður stórt verkefni hjá Umhverfisstofnun á næstu árum. Ný vatnstjórnunarlög sem vonandi verða samþykkt fyrir áramót 2011 bera með sér nýja sýn á vatn og verðmæti þess til framtíðar. Hjá stofnuninni verður unnin stöðuskýrsla um ástand vatns sem og samvinnuverkefni um vatnstjórnunaráætlanir sem fjölmargir koma að, t.d. sérfræðistofnanir, sveitarfélög og almenningur. Miklu skiptir að sátt náist um hvernig vernda beri vatn til framtíðar.

Umhverfisstofnun bindur vonir við að nýtt fjármagn fái stórt hlutverk og uppbyggingu friðlýstra svæða. Í nýrri úttekt Umhverfisstofnunar kom fram að mörg friðlýst svæði eru undir miklu álagi, m.a. vegna skorts á innviðum til að taka við auknum fjölda ferðamanna. Við teljum mikilvægt að strax á næsta ári verði brugðist við og hafin uppbygging á friðlýstum svæðum þar sem þau sem jafnframt eru fjölsóttir ferðamannastaðir verða í forgangi.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í grænum rekstri og hefur innleitt grænt bókhald og vill stuðla að því að slíkt bókhald sé tekið upp hjá sem flestum ríkisstofnunum ásamt því að unnið sé að innleiðingu vistvænna innkaupa.



FORSTJÓRI UMHVERFISSTOFNUNAR

TEYMI

Markmið teyma Umhverfisstofnunar eru margvísleg en að grunni til tvenns konar. Annars vegar að tryggja þverfaglega vinnu og upplýsingastreymi í málaflokknum milli sviða og innan sviðs. Hins vegar að nýta þekkingu stofnunarinnar sem best við lausn verkefna og stefnumótun, stuðla að gagnkvæmu upplýsingastreymi og samræmi í úrlausnum við á sviði viðkomandi teymis. Samræmi í úrlausnum er meðal þess sem vænst er af teymisvinnu. Teymin eiga að miðla reynslu starfsmanna stofnunarinnar þeirra í milli.



EFTIRLITSTEYMI

Kjartan Ingvasson

Vinnur að samræmdri eftirlitsáætlun, samræmingu þ.á.m. eftirlitsskýrsla og þvingunarúrræða og fer yfir fjölda áminninga og dagsektla til að fá yfirsýn yfir stöðu mála.

FRAMKVÆMDATEYMI

Kristinn Valbjörnsson

Skoðar verndarráðstafanir á friðlýstum svæðum, vinnur tillögu að framkvæmdaáætlun, tillögu að valista yfir svæði í mestri hættu og tillögu að verkefnum sjálfbæðaliða á friðlýstum svæðum í umsjón stofnunarinnar.

GAGNASKILATEYMI

Gunnar Steinn Jónsson

Framkvæmir úttekt á gagnagrunnum Umhverfisstofnunar, metur þörf og öryggi gagnagrunna, vinnur úttekt á meðferð gagna, gagnaskýrslur, birtingu og aðgengi að gögnum. Tillaga að stefnumörkun í gagnamálum og gagnaskilum.

HAF- OG VATNSTEYMI

Heiðrún Guðmundsdóttir

Vinnuáætlun vegna haftilskipunar, gera kynningaráætlun fyrir haf- og vatnsmál og gera drög að viðbragðsáætlun Umhverfisstofnunar vegna bráðamengun hafs og stranda.

NÁTTÚRUAUÐLINDATEYMI

Hildur Vesteinsdóttir

Innleiðing náttúruverndaráætlunar, Evrópsk löggjöf um náttúruvernd, úttekt á eftirlitþörf með veiðum og ágengar framandi tegundir.

LOFTMENGUNARTEYMI

Borsteinn Jóhannsson

Kynningaráætlun fyrir loftgæði og loftslagsmál, eftirfylgni með landsáætlun um loftgæði og aðkoma að gæðamálum sem tengjast loftmengun.

NEYTENDAMÁLATEYMI

Bergþóra Skúladóttir

Vefsvæði um neytendamál, fyrirspurnarform á heimasíðu og vinna að átaksverkefni til að kynna ýmis umhverfis- og varúðarmerki fyrir almenningi.

ÚRGANGSTEYMI


Guðmundur Ingvasson

Yfirlit um flutning úrgangs, eftirfylgni með landsáætlun um úrgang og kynningaráætlun um úrgangslausun og leiðir til þess að draga úr henni.

UMhverfismatSTEYMI

Birna Guttormsdóttir

Fjallar um umsagnir á MÁÚ, úttekt á málshraða vegna afgreiðlu mála (tvisvar á ári) og útbýr gátlista til að fara yfir mat á umhverfisáhrifum.



SKIPURIT

Starfsemi Umhverfisstofnunar grundvallast á skipuriti sem tók gildi í byrjun árs 2008. Umhverfisstofnun skiptist í fimm svið auk yfirstjórnar. Hvert svið fyrir sig er sjálfstætt og heyrir beint undir forstjóra en sviðstjórar starfa náið saman að því að sinna verkefnum stofnunarinnar.

Gildi Umhverfisstofnunar

Stofnunin og starfsmenn hennar hafa þrjú megingildi að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

FAGMENNSKA Að tekið sé á málefnum sem berast stofnuninni af yfirgripsmikilli þekkingu og með faglegum hætti

TRAUST Umhverfisstofnun njóti trausts meðal fyrirtækja, almennings og stjórnáráðgjafamanna

ÁBYRGÐ Stofnunin er ábyrgur aðili í verndun náttúrunnar og stuðlar að heilsusamlegu umhverfi landsmanna

MANNAUÐUR

Eitt af fyrstu verkefnum í mannauðsmálum á árinu verður að vinna að eftirfylgni við stjórnendamat, sem lagt var fyrir alla starfsmenn stofnunarinnar í nóvember 2010. Stjórnendamat og starfsánægjukannanir eru mikilvægt innlegg í starfseminu til að vinna áfram í því að gera góðan vinnustað enn betri. Hefðbundin starfsánægjukönnun verður lögð fyrir allt starfsfólk í febrúar og heimskaffi, þar sem starfsmenn leggja á ráðin, m.a. um gildin á vinnustaðnum, verður haldið í byrjun árs. Niðurstöður úr því verða einnig nýttar til gagns fyrir starfseminu.

Jafnréttisáætlun Umhverfisstofnunar til þriggja ára mun líta dagsins ljós á vormánuðum en starfshópur um hana hóf störf í nóvember 2010.

Umbótaverkefni ársins í mannauðsmálum er, með aðkomu allra stjórnenda, endurskoðun starfslýsinga fyrir öll störf svo og einstaklingsmiðaðar starfsþróunaráætlanir. Starfslýsingar og starfsþróunaráætlanir hafa verið gerðar hingað til. Nú er ætlunin hins vegar að vera enn hnitmiðaðri í starfslýsingum og að bæta þar inn hvaða menntun og hæfniskröfur eru gerðar til hvers starfs. Hæfniskröfur til starfs verða síðan liður í að vinna einstaklingsmiðaðar starfsþróunaráætlanir, því nýnt verður í hverjar kröfurnar eru og hvort starfsmaður þurfi að skerpa á einhverju í sinni hæfni. Sí- og endurmenntunarbörf er svo einnig greind í árlegum starfsmannasamtölum.

GÆÐAMÁL


Umhverfisstofnun hefur unnið að innleiðingu stjórnkerfis og umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt ISO 9001 og 14001 á árinu. Markmiðið er að fá bæði kerfin vottuð á næsta starfsári. Stjórnkerfinu er ekki eingöngu ætlað að stuðla að aukinni skilvirkni í úrlausn verkefna stofnunarinnar heldur einnig að meiri hagkvæmni. Gefin var út gæðastefna sem gefur tóninn í áherslum stofnunarinnar.

GÆÐASTEFNA

Stefna Umhverfisstofnunar í gæðamálum er að veita úrvals þjónustu og beita heildstæðri nálgun í öllum sínu starfi.

Rík áhersla er lögð á ábyrga og vandaða ákvarðanatöku og að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina stofnunarinnar. Unnið verði eftir skýrum og skilvirkum ferlum sem hafi einfalt viðmót. Stefnt er að auknu samstarfi við önnur stjórnvöld í þágu slíkrar einföldunar og til að tryggja gæði þjónustunnar.

Umhverfisstofnun byggir starfsemi sína á faglegum styrk. Tekið er á málefnum sem berast af fjölbreyttri og víðtækri þekkingu. Umhverfisstofnun vinnur að stöðugum umbótum á starfsemi sinni og stefnir að því að vera leiðandi í gæðamálum. Umhverfisstofnun mun vinna samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og ISO 14 001.





VERKEFNAÁÆTLUN ÁRSINS 2011

Á árinu 2011 mun Umhverfisstofnun vinna að eftirfarandi verkefnum til að ná markmiðum sem sett hafa verið fram í stefnu Umhverfisstofnunar til ársins 2013.

1 DRAGA ÚR LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA Á ÍSLANDI

Umhverfisstofnun hefur um margra ára skeið safnað saman upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi og skilað þar um gögnum og skýrslu til loftslagssamnings Sameinuðu Þjóðanna. Stofnunin gefur út spár um losun gróðurhúsalofttegunda og metur hvort Ísland standi við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi. Þá hefur stofnunin umsjón með skráningarkerfi losunarheimilda og fer með eftirlit með því að atvinnurekstur starfi í samræmi við þær losunarheimildir sem honum eru úthlutaðar. Ísland tekur þátt í viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir. Umhverfisstofnun gegnir lykilhlutverki í framkvæmd kerfisins hér á landi og á árinu 2011 verður lagður grunnur að framkvæmd þess, annars vegar fyrir losunarheimildir í flugstarfsemi frá 2012 og hins vegar í stóriðju frá 2013.

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Skýrsla um DNA (Loftslagsvæn þróunaraðstoð)	1	Svið umhverfisgæða
Þarfagreining og útböð: Tölvukerfi fyrir viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda	1	Svið umhverfisgæða
losun gróðurhúsalofttegunda	1	Svið umhverfisgæða
Tilkynning til ESA v. iðnfyrirtækja og flugs	2	Svið umhverfisgæða
Samstarfsyfirlýsing Umhverfisstofnunar og fyrirtækja í áliðnaði vegna losunar PFC	3	Svið umhverfisgæða

2 DRAGA ÚR LOSUN HEILSUSKAÐLEGRA EFNA OG EFNA SEM ERU HÆTTULEG UMHVERFINU

Umhverfisstofnun vinnur að innleiðingu Evrópureglna á sviði efna og efnablandna en miklar breytingar hafa verið gerðar á þeim á síðastliðnum árum. Áhersla er lögð á áhættumat og upplýsingar um örugga notkun efna. Öruggari efni á markaði stuðla að bættu heilbrigði og heilsusamlegra umhverfi. Umhverfisstofnun mun halda áfram að vaktast styrk mengunarefna og svifryks í andrúmslofti sem og að koma upplýsingum um loftgæði til almennings. Umhverfisstofnun mun enn fremur stuðla að framkvæmd hollustuverndarstefnu og leitast við að samræma heilbrigðiseftirlit í landinu.

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Umhverfisvænir bílar Umhverfisstofnunar: Rauntölur um umhverfislegan og fjárhagslegan ávinning	1	Svið fjármála og reksturs
REACH eftirlit - átaksverkefni, REACH EnForce-1 framhald og SIEF	1	Svið umhverfisgæða
Þarfagreining á loftgæðastjórnunarkerfi	2	Svið umhverfisgæða
Kynningaráætlun til 2015: Lærðu að þekkja merkin	2	Svið umhverfisgæða
Samstarfssamningur vegna áhættumats markaðsleyfa fyrir sæfiefni	2	Svið umhverfisgæða
Greina kælimiðlasýni frá Kína	2	Svið umhverfisgæða
Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð varðandi efni og efnavörur	3	Svið umhverfisgæða
Loftgæðaupplýsingakerfi	3	Svið umhverfisgæða
Upplýsingabæklingur efni og efnablöndur fyrir almenning	3	Svið umhverfisgæða
Samevrópskt eftirlitsverkefni: REACH Enforce -2	4	Svið umhverfisgæða
Handbók fyrir sundlaugareglugerð	4	Svið umhverfisgæða
Kynningarfundur vegna væntanlegrar varnarefnareglugerðar	4	Svið umhverfisgæða
Sæfiefni: Markaðskonun á viðurvarnarefnum	4	Svið umhverfisgæða
Samræming gagnaskila: Grænt bókhald, PRTR og skil vegna laga nr. 65/2007	4	Svið umhverfisgæða

3 GERA UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL AÐGENGILEGAR ALMENNINGI OG HAGSMUNAAÐILUM OG GERA ÞEIM ÞANNIG KLEIFT AÐ HAFNA ÁHRIF Á UMHVERFI SITT

Stofnunin miðlar upplýsingum til margra ólíkra hópa, frá fyrirtækjum til einstaklinga, og um ólík málefni, frá friðlýstum svæðum til reglugerða um efni og efnavörur. Öll þjónusta á að vera eins einföld og mögulegt er, s.s. með rafrænum umsóknum og aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum. Gæði þjónustunnar skiptir miklu máli og er unnið út frá viðmiðinu "allt í einni ferð" við uppbyggingu rafrænnar þjónustu. Umhverfisstofnun mun leggja sérstaka áherslu á að miðla upplýsingum um umhverfismál til almennings á sama tíma og þjónusta við atvinnulífið verður bætt.

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Uppfærsla umhverfivísa	1	Svið fræðslu og upplýsinga
Heimasíða um neytendamál	1	Svið umhverfisgæða
Endurskoðun texta fyrir Lífríki og veiðistjórnun á nýja heimasíðu Umhverfisstofnunar	1	Svið náttúruauðlinda
Eftirlitsskýrslur fyrir starfsleyfisskylda starfsemi birt á heimasíðu	1	Svið umhverfisgæða
Útbúa stöðluð form fyrir tilkynningar varðandi brennisteinsvetni til HES	2	Svið umhverfisgæða
Dagskrá í tilefni af alþjóðlegum degi votlendis, 2. september 2011	2	Svið náttúruauðlinda
Tengja loftgæðamælingar Umhverfisstofnunar inn á loftgæðavef Umhverfisstofnunar Evrópu (Eye on Earth)	2	Svið fræðslu og upplýsinga
Uppfæra yfirlit yfir gagnasöfn Umhverfisstofnunar	3	Svið fræðslu og upplýsinga
Málþing um náttúruvernd, veiðistjórnun og loftslagsbreytingar	1/3	Svið náttúruauðlinda

4 VINNA AÐ VERND, VIÐHALDI, ENDURHEIMT OG NÝTINGU ÞEIRRA AUÐLINDA SEM FELAST Í NÁTTÚRU ÍSLANDS SEM BYGGÐ SÉ Á SJÓNARMÍÐUM UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ, VARÐVEISLU JARÐMYNDANA OG LANDSLAGSHEILDA

Mikil verðmæti felast í náttúruauðlindum landsins og er mikilvægt að vernda og viðhalda þeim þannig að þær kynslóðir sem á eftir okkur koma fái að njóta þeirra á sama hátt og við. Umhverfisstofnun mun m.a. halda áfram að vinna að gerð verndaráætla fyrir friðlýst svæði í umsjón stofnunarinnar, kortleggja innflutningsleiðir ágengra framandi lífvera inn í landið og endurheimta votlendi á landsvísu. Sérstaklega verður horft til þeirra svæða sem eru undir miklu álagi, t.d. vegna fjölgunar ferðamanna á undanförunum árum.

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Gerð fræðsluefnis um erfðabreyttar lífverur	1	Svið náttúruauðlinda
Verkátun um gerð og uppsetningu skilta árið 2010	1	Svið náttúruauðlinda
Skýrsla til ráðherra um ástand friðlýstra svæða	1	Svið náttúruauðlinda
Verndaráætlun fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár	2	Svið náttúruauðlinda
Innleiðing framkvæmdaáætlunar umhverfisráðherra um akstur utan vega	2	Svið náttúruauðlinda
Tillaga að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum	2	Skrifstofa forstjóra
Sniðmát fyrir skýrslur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga	3	Svið náttúruauðlinda
Gerð þolmarkagreiningar fyrir Hrafninnusker innan Friðlands að fjallabaki	3	Svið náttúruauðlinda
Gerð þolmarkagreiningar fyrir Landmannahelli	3	Svið náttúruauðlinda
Ljúka rannsóknnum á ástandi Húsafellskógar og gróðurathugun í Geitlandi	3	Svið náttúruauðlinda
Verndaráætlun fyrir Surtsey	3	Svið náttúruauðlinda
Útbúa votlendisbókhald og gert aðgengilegt almenningi	3	Svið náttúruauðlinda
Gerð fræðsluefnis um erfðabreyttar lífverur	3	Svið náttúruauðlinda
Samantekt innflutningsleiða ágengra framandi tegunda á Íslandi	4	Svið náttúruauðlinda
Skipulagt votlendisbókhald fyrir Ísland	4	Svið náttúruauðlinda
Verkátun verndaráætlunar fyrir Friðland að fjallabaki	4	Svið náttúruauðlinda
Leiðbeiningar um gerð verndaráætla	4	Svið náttúruauðlinda
Norrænt verkefni um jarðminjagard og jarðfræðilega fjölbreytni (GEO-park)	4	Svið náttúruauðlinda

5 STUÐLA AÐ VERNDUN OG SJÁLFBÆRRI NÝTINGU VILLTRA DÝRASTOFNA

Það er mikilvægt að umsvif mannsins leiði ekki til hnignunar innlendra dýrastofna svo komandi kynslóðir fái notið þeirra til jafns við okkur. Til að svo megi verða þarf að tryggja að nýting sé með sjálfbærum hætti. Umhverfisstofnun gætir þess að þeir dýrastofnar sem þess þurfa njóti verndunar og þeir dýrastofnar sem það þola séu nýttir á sjálfbæran hátt.

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Endurskoðun texta náttúruverndar á nýja heimasíðu Umhverfisstofnunar (náttúruv)	1	Svið náttúruauðlinda
Ráðstefna NKV í maí 2011 XV Nordic Congress of Wildlife Research	2	Svið fræðslu og upplýsinga
Námsskeið fyrir hreindýraleiðsögumenn	2	Svið náttúruauðlinda
Upplýsingaaðgangur að gildum veiðikortum fyrir lögregluna	3	Svið náttúruauðlinda

6 KYNNA RÉTT ALMENNINGS TIL AÐ NJÓTA ÚTIVISTAR Í NÁTTÚRUNNI OG MEÐ ÞVÍ BÆTA OG TRYGGJA LÝÐHEILSU LANDSMANNA

Þó svo að hægt hafi á fjölgun erlendra ferðamanna til landsins hefur þeim Íslendingum sem ferðast um landið fjölgað. Helsta aðdráttar-afli ferðamanna, íslenskra sem erlendra, er náttúra landsins og þá helstu náttúruperlur sem landið hefur uppá að bjóða. Umhverfisstofnun hefur í hyggju að upplýsa ferðamenn um grundvallarréttindi þeirra og skyldur gagnvart umferð um náttúru Íslands. Árið 2011 er um margt sérstakt þar sem þjóðgarðurinn Snæfellsjökull á 10 ára afmæli, en þjóðgarðurinn var stofnaður þann 28. júní 2001.

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull 10 ára	2	Svið náttúruauðlinda
Birta frétt/upplýsingar um umferðarétt á vef að vori	2	Svið laga og stjórnsýslu
Birta frétt/upplýsingar um berjatinslureglur í júlí	2	Svið laga og stjórnsýslu
Útbúa fræðsluefni í samvinnu við sveitarfélög (náttúruverndarnefndir) og Lýðheilsustöð um mikilvægi náttúruverndarsvæða fyrir lýðheilsu (Green Gym)	2	Svið náttúruauðlinda
Stefnumótun um sjálfbæra veiðistjórnun	4	Svið náttúruauðlinda

7 VISTKERFISNÁLGUN VERÐI BEITT VIÐ HEILDSTÆÐA STJÓRNUN Á UMHVERFI Í VATNI OG HAFI

Heilnæm nýting vatns og hafs og auðlinda þeirra byggir á góðu ástandi þeirra. Í því skyni að tryggja hreint og ómengað vatn og haf er nauðsynlegt að safna saman upplýsingum um ástand vatns og hafs hér við land og koma upplýsingum þar að lútandi til viðeigandi alþjóðlegra stofnana og almennings. Tilskipanir ESB um stjórnun vatnsgæða og stefnu varðandi málefni hafsins munu að öllum líkindum leiða starf Umhverfisstofnunar og samstarfsaðila á næstu árum. Með markvissum vinnubrögðum og viðeigandi viðbrögðum við ríkjandi ástandi á hverjum tíma eru allar aðstæður fyrir hendi til þess að tryggja að stjórnun á umhverfi í vatni og hafi, sem og nýting auðlinda, verði byggð á sjálfbærni og í samræmi við vistfræðilegt ástand. Árið 2011 verður lagður grunnur að viðamiklum verkefnum í tengslum við framangreindar tilskipanir og en hagsmunir Íslands í þeim málum eru miklir.

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Kynning á norrænu vákorti	1	Svið umhverfisgæða
Halda upp á dag hafsins (m.a. útbúa kynningarefni)	2	Svið umhverfisgæða
Ný viðbragðsáætlun Umhverfisstofnunar vegna viðbragða við bráðamengun	2	Svið umhverfisgæða
Tillaga að reglugerð um varnir gegn mengun sjávar vegna eittraðra efna í fljótandi formi sem flutt eru í geymum skipa (MARPOL viðauki II)	2	Svið umhverfisgæða
Notkun gervitunglamyndna við eftirlit og viðbrögð við vá	3	Svið umhverfisgæða
Ráðstefna um innleiðingu vatnatilskipunarinnar	3	Svið umhverfisgæða
Útgáfa bæklinga um mengun frá skipum	4	Svið umhverfisgæða

8 DRAGA ÚR MYNDUN ÚRGANGS OG AUKA ENDURVINNSLU HANS

Unnið verður að markmiðum nýrrar endurskoðaðar Landsáætlunar um úrgang sem hefur, eins og fyrri áætlun, það meginmarkmið að draga úr myndun úrgangs. Áfram verður unnið að því að auka framleiðandaábyrgð á vörum þannig að framleiðendur beri ábyrgð á vörum sínum frá *vöggu til grafar*. Umhverfisstofnun safnar gögnum um meðhöndlun úrgangs og hefur eftirlit fyrirtækjum.



VERKEFNI	ÁRSFJÓRDUNGUR	ÁBYRGÐ
Tillaga að stefnu stofnunarinnar vegna endurskoðunar laga um meðhöndlun úrgangs	1	Svið umhverfisgæða
Verklag um viðbrögð við misbresti á gagnaskilum starfsleyfishafa um magn úrgangs sem er meðhöndlað	2	Svið umhverfisgæða
Gerð lista yfir spilliefni sem heimilt er að taka á móti á gámastöðvum, kröfur um lágmarksaðbúnað við móttökuna og hámarks magn	4	Svið umhverfisgæða
Fræðslufundur um meðferð og nýtingu á slógi	4	Svið umhverfisgæða
Tollskoðun farms með raftæki, stikkprufueftirlit	4	Svið umhverfisgæða

9 STJÓRNSÝSLA STOFNUNARINNAR VERÐI SKÝRARI OG SKILVIRKARI

Umhverfisstofnun hefur veigamiklu hlutverki að gegna hvað varðar stjórnarsýslu umhverfismála. Kröfur til góðra stjórnarsýsluhátta taka mið af norrænni lagahefð. Lagaumhverfi umhverfisverndar hefur þróast ört á undanförunum árum og umfang stjórnarsýsluverkefna Umhverfisstofnunar þar með. Margir og ólíkir stjórnarsýsluferlar verða að vera til staðar. Vegna þess og fámennis má segja að hvert mál sem komi til stofnunarinnar sé einstakt. Það er trú Umhverfisstofnunar að þróun og vottun gæðakerfis muni styðja stjórnarsýslu stofnunarinnar til framtíðar.

VERKEFNI	ÁRSFJÓRDUNGUR	ÁBYRGÐ
Leiðbeiningar til fiskeldistöðva um gerð vöktunaráætlana	1	Svið umhverfisgæða
Heildarlisti/áætlun um reglugerðartilögur	1	Svið laga og stjórnarsýslu
Viðmið um framkvæmd dagsektarákvæðis laga um náttúruvernd	1	Svið laga og stjórnarsýslu
Endurskoðun jafnréttisáætlunar	1	Skrifstofa forstjóra
Tilmæli sett á heimasíðu til umsækjenda um að sækja um starfsleyfi með tilgreindum hæfilegum fyrirvara	2	Svið laga og stjórnarsýslu
Úttekt á gagnaöryggi Umhverfisstofnunar vegna REACH	2	Svið fræðslu og upplýsinga
Tilkynningakerfi á vefnum fyrir hreindýraleiðsögumenn	2	Svið náttúruauðlinda
Leiðsögn fyrir starfsmenn um gerð minnisblaða um mikilvæg úrlausnarefni	2	Svið laga og stjórnarsýslu
Greining á eftirlitshlutverki Umhverfisstofnunar vegna markaðssetningar á erfðabreyttum lífverum	2	Svið laga og stjórnarsýslu
Vottað gæðakerfi skv. ISO 9001	2	Svið fjármála og reksturs
Vottað umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001	2	Svið fjármála og reksturs
Endurbættar og endurskoðaðar starfslýsingar í gagnagrunni	2	Skrifstofa forstjóra
Einstaklingsmiðaðar símenntunaráætlanir	2	Skrifstofa forstjóra
Gerð gátlista fyrir umsagnir um mat á umhverfisáhrifum og skipulagsmál	3	Svið náttúruauðlinda
Árstiðimar/Álagsdagatal/hvað er að gerast hjá Umhverfisstofnun – tillaga að uppsetningu og inntaki	3	Svið laga og stjórnarsýslu
Greining sæfiefnalöggjafar m.t.t. þess hvort þörf er á úrbótum í löggjöf og/eða framkvæmd	4	Svið umhverfisgæða
Virkja 10 ára regluna um endurnýjun veiðikorta	4	Svið náttúruauðlinda
Málshraðaviðmið sett á heimasíðu	4	Svið fræðslu og upplýsinga



10 UMHVERFISMERKINGAR LEIÐI INNKAUP ALMENNINGS OG FYRIRTÆKJA

Neytendur vilja gjarnan vera ábyrgir í innkaupum og forðast vörur eða þjónustu sem hafa neikvæð umhverfisáhrif. Vel þekkt og áreiðanleg umhverfismerki líkt og norræna umhverfismerkið Svanurinn gefa neytendum möguleika á að velja best kostinn án þess að þeir þurfi að vera vel að sér í öllu er varðar umhverfisáhrif að framleiðslu vöru eða þjónustu. Fyrirtæki og stofnanir geta, líkt og almenningur, haft veruleg áhrif á framboð af umhverfismerktri vöru og þjónustu. Mikil hagræðing getur einnig átt sér stað við umhverfisvænni innkaup því vistvæn innkaup eru skynsamleg innkaup. Mikilvægt er að styðja við stofnanir og fyrirtæki sem vilja innleiða vistvæn innkaup með því að standa fyrir öflugum samstarfi við Ríkiskaup og aðra þá aðila sem gera kaupendum kleift af velja vistvænt.

VERKEFNI	ÁRSFJÓRDUNGUR	ÁBYRGÐ
20 ára afmælisráðstefna Svansins	2	Svið fræðslu og upplýsinga
Kynna vistvæn innkaup fyrir menntastofnunum	2	Svið fræðslu og upplýsinga
Svanskynning fyrir nýbakaða foreldra	3	Svið fræðslu og upplýsinga
Norrænt verkefni um vistvæn innkaup	4	Svið fræðslu og upplýsinga
Vistvæn innkaupastefna ríkisins kynnt	4	Svið fræðslu og upplýsinga

REGLUBUNDIN VERKEFNI

Umhverfisstofnun sinnir fjölda reglubundinna afgreiðsluverkefna. Í eftirfarandi yfirliti er gerð grein fyrir mati Umhverfisstofnunar á hver fjöldi þeirra verði á árinu 2011. Rétt er að benda á að vinna við einstök verkefni innan flokkanna getur verið mjög mismunandi.


EES - MÁL OG REGLUGERÐIR	Rauntölur 2009	Áætlun 2010	Rauntölur 2010	Áætlun 2011
Tillögur að reglugerðum	20	23	12	11
Greiningar á EES-gerðum	50	50	53	50
LEYFISVEITINGAR	Rauntölur 2009	Áætlun 2010	Rauntölur 2010	Áætlun 2011
CITES	20	25	30	40
Dýrahald í atvinnuskyni, sýningarleyfi, rekstarleyfi	10	50	23	25
Leiðsögumenn með hreindýraveiðum	86	90	86	50
Útgefin veiðikort	12.400	11.500	12.679	12.000
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	1	1	3	3
Starfsréttindaleyfi meindýraeyða og garðúðara	35	40	41	47
Leyfi fyrir varpi í hafið og lagningu sæstrengja	8	5	2	5
Útgefin leyfi vegna hreindýraveiða	1.333	1.272	1.272	1.001
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla	10	10	13	20
Leyfivæitingar vegna framkvæmda á friðlýstum svæðum	7	15	10	20
Umsóknir um starfsleyfi	18	20	24	29
Leyfi til urðunar á sóttmengudum dýraúrgangi	9		25	25
Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa			10	12
SAMRÁÐ, FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐ	Rauntölur 2009	Áætlun 2010	Rauntölur 2010	Áætlun 2011
Skotvopnanámskeið	28 (1.230)	25 (850 manns)	26 (1.000 manns)	25 (850 manns)
Veiðinámskeið	26 (1.270)	25 (850 manns)	26 (1.000 manns)	25 (850 manns)
Landvarðanámskeið	0	1	1	1
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	0	1	0	1
Stærri upplýsingaskilti	7	7	11	17
Útgefnir bæklingar	17	12	5	2



UMSAGNIR	Rauntölur 2009	Áætlun 2010	Rauntölur 2010	Áætlun 2011
Umsagnir, skráningar og undanþágur frá skráningum varnarefna	25	15	28	22
Umsagnir um söluleyfi eitur- og varnarefna	9	12	7	9
Umsagnir til að kaupa og nota varnarefni (XA-leyfi)	26	40	45	44
Umsagnir um matsskyldu vegna tilkynningaskyldra framkvæmda	27	25	26	25
Umsagnir um tillögu að matsáætlun	16	15 (2)	2	5
Umsagnir um frummatsskýrslur vegna mats á umhverfisáhrifum	12	8 (10)	12	0
Umsagnir vegna stjórnsýslukæra	7	9	9	9
Umsagnir um þingmál frá Alþingi	21	30	27	20
Umsagnir um umhverfismat áætlana	87	70	85	50
Umsagnir um undanþágur á villidýralögum	3	5	2	5
Umsagnir um undanþágur á innflutningi á framandi lífverum	1	5	2	5
Umsagnir um umsóknir um undanþágur frá starfsleyfum			24	17
EFTIRLIT	Rauntölur 2009	Áætlun 2010	Rauntölur 2010	Áætlun 2011
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	45	55	44	55
Yfirferð skýrslna vegna losunarbókhalds	5	5	5	5
Mengunarvarnareftirlit	70	80	73	85
Eftirlit með erfðabreyttum lífverum			8	8
LANDVARSLA OG SJÁLFBODALIÐASTARF	Rauntölur 2009	Áætlun 2010	Rauntölur 2010	Áætlun 2011
Fjöldi landvörsluvikna 10% niðursk. 2011	287	287 (152 sumarlandvarsla)	287 (152 sumarlandvarsla)	260
Fjöldi sjálfbodaliðavikna 10% niðursk. 2011	620	600	610	540



HELSTU REKSTRARLIÐIR Áætlun 2011



REKSTRARÁÆTLUN

HELSTU REKSTRARLIÐIR

Umhverfisstofnun hefur verið gert, eins og öðrum ríkisstofnunum, að draga úr rekstri sínum vegna niðurskurðar í ríkisrekstri. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að gjöld stofnunarinnar verði lækkuð vegna sparnaðar um 68,4 m.kr. Þar á móti kemur að inn komu tvö ný verkefni, innleiðing vatnatilskipunar og Surtseyjarstofa en vegna þeirra hækka fjárheimildir um 95,5 m.kr. Heildargjaldaheimild stofnunarinnar fyrir árið 2011 er því 928,8 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að tæplega 314 m.kr. verði innheimtar í sértekjur og markaðar tekjur. Ríkissjóður mun því greiða 614,9 m.kr. til stofnunarinnar vegna ársins 2011. Ljóst er að ítrasta aðhalds þarf að gæta í rekstri þannig að þessi niðurskurður komi sem minnst niður á verkefnum stofnunarinnar.

Við gerð rekstraráætlunar voru sett upp sparnaðarmarkmið fyrir hvert svið stofnunarinnar og sviðsstjórum gert að skila tillögum í samræmi við þau. Að sjálfsöögðu voru markmiðin mismunandi milli sviða enda eðli rekstrarins mismunandi. Þó voru nokkur meginmarkmið sem gengu þvert á stofnunina eins og að spara 25% í ferðakostnaði erlendis, 20% í ferðakostnaði innanlands, 30% í sérfræðþjónustu og 20% í vörukaupum. Miðað var við að ekki þyrfti að segja upp þeim starfsmönnum sem nú starfa hjá stofnuninni eða fara í launaskerðingar.

Áfram verður lögð áhersla á endurskoðun verkferla varðandi fjármál og kynningu á þeim fyrir starfsmönnum. Markmiðið er sem fyrr að stofnunin viðhafi nútímaleg vinnubrögð og gagnsæi í fjármálastjórnun. Eftirfylgni fjármála er þannig háttáð að mánaðarlega fara sviðsstjórar og deildarstjórar yfir stöðu útgjalda og tekna síns sviðs gagnvart rekstraráætlun en sviðsstjórar fara síðan yfir fjármál sinna sviða með fjármálastjóra. Niðurstaða þessara fundu og heildarstaða stofnunarinnar er síðan rædd á mánaðarlegum sviðs- og deildarstjórafundum. Áfram verður fylgst sérstaklega með þeim tekjum sem innheimta á en stofnunin gerir ráð fyrir að innheimta um 298,8 m.kr. á árinu sem sértekjur og ríkistekjur.

Hér á eftir verður fyrst farið yfir helstu gjaldaliði hjá stofnuninni, síðan helstu tekjuliði eftir hvort um er að ræða markaðar tekjur, sértekjur eða sérstakar sértekjur. Að lokum er gerð grein fyrir nokkrum sjóðum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með ásamt stærri verkefnum.

Gjaldaliðir

Í rekstraráætlun er gert ráð fyrir að heildargjöld stofnunarinnar verði 922,9 m.kr. sem er eilítið lægra en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi 2010. Á móti kemur að tekjur eru áætlaðar um 15 m.kr. lægri en í frumvarpinu og að gert er ráð fyrir heimild til að nýta 10 m.kr. frá fyrri árum til framkvæmda á friðlýstum svæðum. Helstu lækkanir gjaldaheimilda í fjárlagafrumvarpi eru lækkun á endurgreiðslu til sveitarfélaga vegna refaveiða um 16,7 m.kr. niðurfelling tímabundins framlags vegna olíuleitar á Drekasvæðinu um 5 m.kr. og lækkun á framlögum til almenns rekstrar um 46,4 m.kr. Til hækunar koma framlag vegna Surtseyjarstofu um 9 m.kr. og vegna innleiðingar vatnatilskipunar upp á 86,5 m.kr.

HELSTU LIÐIR Í ÞÚSUNDUM KRÓNA	SPÁ 2010	ÁÆTLUN 2011
Launakostnaður	473.791	469.182
Fundur og ferðir	55.566	45.828
Rekstur	29.588	25.887
Þjónusta	97.291	129.296
Húsnæði	124.138	116.293
Bifreiðar	8.962	6.942
Skattar, fjármagnskostn.	1.255	1.125
Eignakaup	17.598	7.963
Tilfærslur *	151.409	120.368
Rekstrarkostnaður alls	959.598	922.884
Tekjur alls	341.643	298.817
Mismunur gjalda og tekna	617.955	624.067

*TILFÆRSLUR ERU AÐ MESTU ARÐGREIÐSLUR TIL BÆNDA VEGNA HREINDÝRAVEIÐA OG STYRKIR ÚR VEIÐIKORTASJÓÐI



TEKJUR UMHVERFISSTOFNUNAR

Sértekjur

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir 155,7 m.kr. í sértekjur á árinu 2011 sem er lækkun frá fyrra ári og skýrist mest af því að minka-veiðiátaksverkefni er lokið og verið er að ljúka verkefni um gerð vákorts. Aðrar helstu sértekjur stofnunarinnar eru vegna námskeiða sem haldin eru á vegum stofnunarinnar um 28 m.kr., vegna vinnslu og útgáfu starfsleyfa um 19 m.kr., eftirlits með framkvæmdum í samræmi við náttúruverndarlög um 7 m.kr., tekjur vegna norræna umhverfismerkisins (Svansins) um 4 m.kr., og endurgreiðslur á ferðakostnaði vegna erlends samstarfs um 6 m.kr. Ennfremur koma inn nýir tekjulíðir sem eru aðgangseyrir að Surtseyjarstofu annars vegar og Vatnshelli í Snæfellsjökulspjóðgarði hins vegar. Gert er ráð fyrir um 2 m.kr. tekjum á hvorum stað.

Markaðar tekjur


Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að vera með um 128 m.kr. í markaðar tekjur á árinu 2011. Gert er ráð fyrir að um 80 m.kr. komi inn vegna sölu á veiðileyfum til hreindýraveiða og um 44 m.kr. vegna innheimtu gjalds af veiðikortum. Meirihluta þessara tekna greiðir Umhverfisstofnun út til viðeigandi aðila sbr. nánari skýringar á einstökum sjóðum síðar.

Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að stofnunin innheimti um 17 m.kr. í aðrar rekstrartekjur á árinu. Um er að ræða tekjur vegna mengunareftirlits í fyrirtekjum sem stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir.

HELSTU TEKJULÍÐIR

Áætlun 2011



SJÓÐIR Í UMSÝSLU STOFNUNARINNAR OG STÆRRI VERKEFNI

Hreindýrasjóður

Árlega auglýsir Umhverfissráðuneyti veiðikvóta hreindýra að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun sér um sölu veiðileyfa gegn gjaldi sem Umhverfissráðherra ákveður. Gjaldið rennur í sjóð sem notaður er til að standa undir kostnaði Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða og vöktunar Náttúrustofu Austurlands. Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði um 80 m.kr. sem er lækkun frá fyrra ári og skýrist af færri úthlutuðum veiðileyfum.

Veiðikortasjóður

Allir þeir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum þurfa að afla sér veiðikorts í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikortana og tekur gjald fyrir. Gjaldið rennur í sjóð sem umhverfissráðherra úthlutar úr til rannsóknna, vöktunar og stýringar á villtum dýrastofnum. Sjóðurinn stendur einnig undir kostnaði við útgáfu veiðikortanna. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna veiðikorta á árinu 2010 verði um 44 m. kr.

Vatnamál

Umhverfisstofnun tekur við nýju verkefni við stjórn vatnamála í samræmi við löggjöf þar um. Verkefnið krefst nýrrar sýnar á stjórn vatnamála og er mikið samvinnuverkefni sem gengur þvert á stofnanir og stjórnvöld. Í heildina er gert ráð fyrir að kostnaður á næsta ári vegna þessa verkefnis verði um 140 m.kr. og er meginhluti þess fjármagns vistaður hjá Umhverfisstofnun sem sér síðan um að gera samninga við viðeigandi sérfræðistofnanir í samræmi við verkáætlun. Gert er ráð fyrir að samningar við sérfræðistofnanir og aðra aðila geti verið mismunandi milli ára eftir því sem verkinu miðar áfram.

Skotvopna- og veiðikortanámskeið

Stofnunin heldur skotvopna- og veiðikortanámskeið um allt land og voru þau um 28 á árinu 2009 en ráðgert er að halda rúmlega 20 námskeið á árinu 2011. Samanlögð velta námskeiðanna á árinu 2011 er áætluð 28 milljónir. Veiðikortanámskeiðið er sex tímar bóklegt nám og skotvopnanámskeiðið 10 tímar bóklegt nám og fjórir tímar verklegur þáttur á skotvelli.

Endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna minkaveiða

Árlega ákveður umhverfissráðherra viðmiðunartaxta launa refa- og minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða veiðimönnum fyrir veiðarnar. Uppgjörstímabil vegna refa- og minkaveiða er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir. Sveitarfélög senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar ásamt reikningsyfirliti eftir lok uppgjörstímabils. Umhverfisstofnun endurskoðar reikninganna og endurgreiðir til sveitarfélaganna miðað við viðmiðunartaxta. Árið 2011 er gert ráð fyrir að engar endurgreiðslur verði til sveitarfélaga vegna refaveiða en áfram verð greitt vegna minkaveiða og gert ráð fyrir 18,1 m. kr. í þann málaflökk.







UMHVERFISSTOFNUN
umhverfisstofnun.is

Akureyri

Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri
sími 591 2000

Egilsstaðir

Tjarnarbraut 39
700 Egilsstöðum
sími 471 2964

Ísafjörður

Mánagötu 2
400 Ísafirði
sími 591 2000

Mývatn

Hraunvegi 8
660 Mývatni
sími 464 4460

Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
sími 591 2000

Snæfellsnes

Klettsbúð 7
360 Hellissandi
sími 436 6860

Vestmannaeyjar

Strandavegi 50
900 Vestmannaeyjum
sími 591 2000